



Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúli 24  
108 Reykjavík  
[frn@frn.is](mailto:frn@frn.is)  
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 21. nóvember 2023

## **Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“), fyrir hönd Tannsmiðafélags Íslands (hér eftir „TÍ“), hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs.

### **Tannsmiðir eru heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 34/2012**

Tannsmiðir á Íslandi eru heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt skilgreiningu 31. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn. Rétturinn til þess að kalla sig tannsmið og starfa sem slíkur hér á landi er háð starfsleyfi Embættis landlæknis, sbr. ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 1123/2012 um menntun, réttindi og skyldur tannsmiða. Þá geta einungis þeir tannsmiðir sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis smíðað lækningatæki (tanngervi) hér á landi.

Skilyrði til að veita meðferðir samkvæmt drögum af reglugerðinni koma fram í **1. mgr. 4. gr.**, en þar er kveðið á um að aðili skuli hafa gilt starfsleyfi sem nánar er útfært í **5. gr.** sömu draga eða nánar tiltekið „*einungis læknum, með sérfræðileyfi frá embætti landlæknis í húðlækningum eða lýtalækningum*“. Þá kemur fram í 2. mgr. 5. gr. í umræddum drögum að „*læknum, tannlæknum og hjúkrunarfræðingum*“ sem búi yfir haldbærri þekkingu og reynslu á veitingu meðferða á grundvelli reglugerðarinnar, sé einnig heimilt að veita slíkar meðferðir á eigin ábyrgð eða líkt og 3. mgr. kveður á um, undir eftirliti og á ábyrgð þeirra sem 1. og 2. mgr. veitir heimild til.

SI og TÍ fagna fyrirhugaðri reglugerð þar sem meðferðum til útlitsbreytinga eru takmörkunum settar og felldar undir heilbrigðisstéttir að mestu leyti. Samtökin vilja þó koma á framfæri að TÍ þyki eðlilegt að þeir tannsmiðir, sem starfi hér á landi í skjóli starfsleyfis frá Embætti landslæknis, skuli heyra undir fyrrgreind skilyrði 4. og 5. gr. draga af reglugerð, rétt eins og aðrir tilgreindir heilbrigðisstarfsmenn.

Með vísan til framangreinds þykir samtökunum ljóst að eðlilegt væri að tilgreina sérstaklega tannsmiði undir heimild til þess að veita meðferðir til útlitsbreytinga að uppfylltum sömu skilyrðum og tannlæknar hafi heimild til þegar við á enda í mörgum tilvikum órjúfanlegur þáttur í meðferðum tannlækna og má í því samhengi nefna í dæmaskyni afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

### **Tannhvíttun**

Líkt og áður hefur komið fram eru tannsmiðir heilbrigðisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 34/2012 og starfsemi þeirra háð útgáfu starfsleyfis Embættis landlæknis. Í 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga sem eiga einnig við um störf tannsmiða líkt og annarra heilbrigðisstétta, kemur fram að sjúklingur eigi alltaf rétt á að fá upplýsingar um fyrirhugaða



meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi. Í þessu samhengi nær gildissvið draga af reglugerð er umsögn þessi lítur að, yfir m.a. „veitingu meðferða til útlitsbreytinga án læknisfræðilegs tilgangs," þ.e. meðferðir sem fela í sér inndælingu á lyfjum eða lækningatækjum og innsetningu hluta undir húð. Undir þessa skilgreiningu geta fallið tannhvíttunarmeðferðir sem skulu framkvæmdar hjá tannlæknum og í tilviki tannhvíttunar með svokölluðum lýsingarskinnum, einnig hjá tannsmiðum. Í slíkum tilvikum tekur tannlæknir þá fyrst mát af munnholi og tönnum sjúklings sem í er steipt gífs til að smíða gífsmódel. Á módelið sérsníðar tannsmiður svo lækningatækið eða lýsingarskinnuna sem verður einungis notuð fyrir þennan tiltekna einstakling sem meðferðartæki.

Meðferð í munnholi krefst sérfræðipækkingar á sjúkdómum í munn og tönnum, með tilliti til væntanlegrar tannlýsingar og þeirra áhrifa sem hún kann að hafa á tannheilsu og heilsufar. Sú þekking er viðfangsefni námskráa tannheilbrigðisstétta hér á landi, allra helst tannlækna og í tilviki tannsmiða vegna smíða á lýsingarskinnum ætluðum umræddum tannhvíttunarmeðferðum. Að framangreindu sögðu árétta samtökin mikilvægi þess að meðferðir líkt og tannhvíttun séu framkvæmdar af hálfu hæfra aðila með tilskilin réttindi, sbr. tannlæknar og tannsmiðir í ákveðnum tilvikum.

SI og TÍ þakka fyrir það að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri í þessu máli og vonast eftir nánari samtali við stjórnvöld vegna starfsumhverfis tannsmiða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

*Erla T. Stefánsd.*

\_\_\_\_\_  
Erla Tinna Stefánsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði